

REGLUR

Hæstaréttar um málgögn í áfrýjuðum sakamálum.

1. gr.

Þegar ríkissaksóknara hafa borist dómsgerðir samkvæmt 1. mgr. 219. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og verjandi hefur verið skipaður, skal ríkissaksóknari í samráði við verjanda útbúa málgögn. Til þeirra teljast afrit þeirra málskjala og endurrita sem aðilar telja þörf á við úrlausn málsins, eins og áfrýjun er háttáð og nánar greinir í reglum þessum.

Hæstarétti skulu afhent málgögn í sjö eintökum, svo og dómsgerðir.

Ríkissaksóknari skal afhenda verjanda ákærða eitt eintak málgagna, nema verjandinn hafi óskað þess innan þriggja vikna frá skipun að fá tvö eintök.

2. gr.

Almennt skulu einungis tekin með í málgögn þau skjöl er lögð voru fram í héraði og fyrir Landsrétti og þörf er á við flutning og úrlausn málsins fyrir Hæstarétti.

Nú er dómi einungis áfrýjað um hluta þeirra ákæruliða, sem fjallað var um á lægra dómstigi, og skulu þá málgögn aðeins hafa að geyma skjöl um þá liði, sem áfrýjun sæta.

Þegar dómi er áfrýjað með takmörkuðum hætti, sbr. a. til e. liði 1. mgr. 215. gr. laga nr. 88/2008, skal takmarka málgögn með hliðsjón af því í hvaða skyni áfrýjað er.

3. gr.

Nú telur ríkissaksóknari, eins og áfrýjun dóms er háttáð, og að höfðu samráði við verjanda, að alls engin þörf sé á að taka í málgögn tiltekin skjöl, sem lögð voru fram við meðferð máls í héraði eða Landsrétti, og skulu þau þá ekki vera meðal málgagna sem lögð eru fram af hálfu ríkissaksóknara. Fallist verjandi ekki á að þau séu óþörf getur hann útbúið málgögn af sinni hálfu, sem hafi að geyma þau málskjöl, sem hann telur nauðsynleg vegna flutnings málsins fyrir Hæstarétti og eru ekki þegar á meðal málgagna.

4. gr.

Fremst í málgögnum skal vera efnisskrá og skal skipan hennar og einstakra liða vera til samræmis við röðun málgagna, eins og henni er lýst í 5. gr.

5. gr.

Málgögn sem lögð voru fram fyrir Landsrétt skulu vera í þeirri röð sem mælt er fyrir um í reglum Landsréttar um málgögn í sakamálum. Skjöl sem best hafa við frá því málgögnum var skilað til Landsréttar skulu merkt með bókstöfum í áframhaldandi röð miðað við málgögn fyrir Landsrétti og skulu, ef því er að skipta, geyma endurrit eða ljósrit eftirtalinna gagna í þessari röð, nema sérstakar ástæður mæli með annarri niðurröðun:

I. hluti – dómur Landsréttar og gögn tengd áfrýjun.

1. Hinn áfrýjaða dóm ásamt birtingarvottorði og yfirlýsingu dómþola um áfrýjun, ef því er að skipta.
2. Áfrýjunarstefnu með áritun um birtingu.
3. Bréfaskipti sem lúta að áfrýjun, skipun verjanda og réttargæslumanns, ef því er að skipta, fyrir Hæstarétti.
4. Gögn um persónulega hagi ákærða, svo sem sakavottorð og annað sem talið er skipta máli við ákvörðun refsingar.

II. hluti – endurrit þinghalda, skýrslur fyrir dómi, dómsuppsaga.

1. Endurrit þinghalda í málinu fyrir Landsrétti þar með talið af skýrslum fyrir dómi.
2. Tilgreiningu á þeim, sem skýrslu gáfu fyrir Landsrétti.
3. Endurrit þinghalds þar sem dómur var kveðinn upp.

III. hluti – réttarfarsgögn.

1. Úrskurði um gæsluvarðhald sem kveðnir hafa verið upp eftir þingfestingu málsins í Landsrétti. Að öðru leyti nægir yfirlit frá Fangelsismálastofnun um gæsluvarðhaldsvist ákærða vegna rannsóknar málsins, nema ríkissaksóknari telji ástæðu til að láta einstaka úrskurði og dóma, ef því er að skipta, fylgja. Alltaf skal geta úrskurða og dóma í efnisskrá samkvæmt 4. gr.

IV. hluti – önnur gögn.

1. Önnur gögn, sem haft geta þýðingu vegna ákvörðun refsingar, svo sem upplýsingar um ef brotið hefur falið í sér skilorðsrof á reynslulausn samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 15/2016.

V. hluti – önnur skjöl lögð fram í Landsrétti.

1. Greinargerðir sem lagðar voru fram í Landsrétti.
2. Bókanir, sem kunna að hafa verið lagðar fram.
3. Önnur skjöl.

Skjöl innan hluta III til V skulu raðast eftir því sem unnt er í tímaröð.

6. gr.

Málgögn skulu vera í einu bindi eða fleirum ef þarf. Á kápu skal greina nafn og númer máls fyrir Hæstarétti svo og nöfn þeirra sem flytja málið. Endurrít og ljósrit skjala skulu vera skýr og vel læsileg og án yfirstrikana eða merkja um þær.

7. gr.

Ef hluta skjals, sem lagt var fram í héraði eða í Landsrétti, er sleppt skal þess getið sérstaklega á viðeigandi stað í skjalinu og þá jafnframt hve mörgum síðum er sleppt.

8. gr.

Málgögn skulu vera með síðutali. Ný skjöl fyrir Hæstarétti skulu merkt með bókstöfum og þau þeirra, sem komast í málgögnin, skulu jafnframt vera síðusett þar á viðeigandi hátt.

9. gr.

Uppdrættir, ljósmyndir og annað, sem ekki er unnt að hafa í málgögnum þannig að vel fari, skulu vera í sérstöku bindi eða möppu. Það skal merkt með rómverskum tölum og skal þessara gagna getið þar í málgögnum, sem þau væru ella.

10. gr.

Nú afhendir ríkissaksóknari, eða ákærði ef því er að skipta, málgögn til Hæstaréttar sem eru í verulegu ósamræmi við reglur þessar og getur þá rétturinn, allt þar til 7 dögum fyrir flutning málsins, mælt fyrir um að bætt skuli úr innan tilgreinds frests. Nú er fyrir mælum um úrbætur ekki sinnt og getur þá Hæstiréttur frestað máli þar til úr hefur verið bætt.

11. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 219. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 68. gr. laga nr. 49/2016 og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 600/2014 um málgögn í sakamálum.

Hæstarétti Íslands, 18. apríl 2018.

Porgeir Örlygsson.

Þorsteinn A. Jónsson.